



Kennari: Íris Þórðardóttir

Skammstöfun: ÍÞ

Námsefni:

Sýklafræði eftir Boga Ingimarsson, lðnú

Lýsing

Í áfanganum er fjallað um mismunandi tegundir og sérkenni sýkla. Fjallað er um byggingu sýkla, umhverfispætti sem móta útbreiðslu sýkla, smitleiðir og helstu flokka smitsjúkdóma. Farið er í grundvallaratriði í sértækum og almennum vörnum líkamans gegn sýklum og fjallað um hlutverk ónæmiskerfisins. Sýklalyf fá nokkra umfjöllun. Fjallað er um smitgát og reglugerðir um smitvarnir. Farið er í grunnþjálfun við meðferð og ræktun sýkla í tilraunastofu og skýrslugerð.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- sögu og þróun sýklafræðinnar
- mismunandi tegundum sýkla og sérkennum þeirra
- helstu flokkum smitsjúkdóma
- mismunandi aðferðum við ræktun og greiningu sýkla
- helstu smitleiðum og eðli smitkeðju
- aðferðum við dauð- og sótthreinsun og takmörkunum þeirra
- helstu flokkum sýklalyfja, sérhæfðra og ósérhæfðra og verkun þeirra
- grundvallaratriðum í hlutverki ónæmiskerfisins og helstu afleiðingum ónæmisröskunar
- mismunandi tegundum bóluefna og verkun þeirra
- almennum reglum og vinnubrögðum um smitgát, smitvarnir og mikilvægi handþvottar.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota algeng fræðileg hugtök sem tengjast efni áfangans
- tengja mismunandi umhverfisaðstæður við útbreiðslu smitsjúkdóma
- þvo sér um hendur á réttan hátt
- gera skýrslur.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- útskýra löskunaráhrif sýkla á mannlíkama
- útskýra mismunandi smithæfni sýkla
- útskýra smitgát og varnir í tengslum við smitsjúkdóma
- forgangsraða og nýta þekkingu sína í sýklafræði í sérhæfðu starfi
- miðla þekkingu um sýkla í leik og starfi á fjölbreyttan og jákvæðan hátt

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vikur/dags.	Hugtök og efnispættir	Lesefni
1. vika 7.1- 11.1	Kynning á námsefni. Almennt um sýkla	1.kafli
2. vika 12.-18.1	Almennt um sýkla	1.kafli
3. vika 19.-25.1	Sýkingar	2. kafli
4. vika 26.1- 01.2	Almennar varnir manna gegn sýkingum	3. kafli

5. vika 2.2-8.2	Sóttvarnir	4. kafli
6. vika 9.2-15.2	Sýklalyf	5. kafli
7. vika 18.2-22.2	Verknám	6. kafli
8. vika 23.2-01.3	Verknám	7. kafli
9. vika 2.3.-8.3	Verknám	8. kafli
10. vika 9.3.-17.3	Ónæmiskerfið	9. kafli
11 vika 18.3-22.3	Bólusetningar/ónæmisaðgerðir	
12. vika 25.3-29.3	Veirur	
13.vika 03.4-12.4	Bakteríur/Sveppir	
14. vika 15.4-23.4	Páskafrí	
15.vika	Sveppir	10. kafli

25.4 – 29.4	Sníkjudýr	11.kafli
16. vika 3.05.-10.05	Upprifjun	

Sérreglur áfangans:

Nemandi þarf að hafa mætingu samkvæmt mætingarreglum skólans, vinna vel í tímum og svara spurningum eftir hvern kafla til að fá próftökurétt.

Námsmat:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Lokapróf í próftöflu		60%
Virgni, mæting og skil á spurningum	Virgni í tímum, mæting í tíma og vinna og yfirferð á spurningum eftir hvern kafla. Tvær skýrslur	40%

Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.